

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
4. fundur 2017 (69. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 03.05.2017 kl. 10:00 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Sigurður Thoroddsen	"
Steinþór Einarsson	"
Kristinn Halldórsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi
Anna Margrét Tómasdóttir	Mannvirkjastofnun

1. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar – staða mála

Formaður skipulagsnefndarinnar fór yfir stöðu mála, sem hefur lítið breyst frá síðasta fundi nefndarinnar. Fram kom að fundur formanns með ráðherra umhverfismála um aðalskipulagið gæti orðið í næstu viku.

2. Háaleitishlað – deiliskipulag

Skipulagsfulltrúi kynnti nýja tillögu að deiliskipulagi Háaleitishlaðs. Tillagan er að mati nefndarinnar kúvendning frá fyrri drögum að deiliskipulagi sem kynnt hafa verið í nefndinni.

Skipulagsnefndin telur nauðsynlegt að fá frekari rökstuðning fyrir þessum miklu breytingum á tillögum að skipulagi svæðisins og óskar eftir fundi með fulltrúum Isavia og skipulagshöfundum um málið.

3. Fálkavöllur 1 – frávik frá deiliskipulagi

Isavia óskar eftir heimild til að byggja 4 m út fyrir byggingarreit til vesturs á lóðinni Fálkavöllur 1 sbr. uppdrátt sem lagður var fyrir skipulagsnefndina.

Skipulagsnefndin samþykkti að fram fari grenndarkynning vegna breytingar á deiliskipulagi lóðarinnar og fari grenndarkynningin fram gagnvart lóðarhöfum Fálkavallar 3 og 7.

Sýna þarf á uppdrætti fleiri bílastæði á lóðinni en gert er.

4. Umsókn HS veitna um framkvæmdaleyfi fyrir 12 kV háspennustreng frá Kríuvelli að Fálkavelli 8 og 27

Lagt var fram erindi HS veitna, dags. 04.04.2017, þar sem sótt er um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu 12 kV háspennustrengs frá Kríuvelli að Fálkavelli 8 og 27.

Skipulagsnefndin samþykkti framkvæmdaleyfi fyrir lagningu strengsins.

5. Olíubirgðastöð að Fálkavelli 8. Breyting á deiliskipulagi

Lagt var fram erindi EBK ehf, dags. 27.03.2017, þar sem óskað er eftir breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Fálkavöllur 8 í þá veru að reistir verði 4 olíubirgðageymar norðan við núverandi geyma ásamt steyptri þró umhverfis geymana. Með þessari breytingu eykst birgðarými umtalsvert frá því sem nú er og einnig frá gildandi skipulagi, og er þannig verið að bregðast við mikilli aukningu á flugumferð um Keflavíkurflugvöll.

Skipulagsfulltrúi kynnti málið sem er í vinnslu og mun það væntanlega koma fyrir nefndina aftur síðar.

6. Þvottakerfi fyrir flugvélar

Skipulagsfulltrúi kynnti hugmyndir að þvottakerfi fyrir flugvélar nálægt flugskýli LHG á Háaleitishlaði. Kerfið yrði eins og hvert annað lagnakerfi neðan jarðar og í braut á flughlaði en dælukerfi utan þess yrði væntanlega skipulagsskilt.

7. Fálkavöllur 17 – breyting á deiliskipulagi

Skipulagsfulltrúi kynnti hugmyndir að stækkun byggingar DHL á lóðinni Fálkavöllur 17. Stækkunin fer yfir lóðamörk.

Skipulagsnefndin samþykkti að væntanleg málsmeðferð verði formleg auglýsing um breytingu á deiliskipulagi lóðanna.

8. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður þann 02.06.2017 eða fyrr ef dregur til tíðinda í afgreiðslu aðalskipulags Keflavíkurflugvallar.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx